

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 2007 í máli nr. E-2293/2007:

Euro Trade GmbH

(Garðar Briem hrl.)

gegn

Bremen ehf

(Þormóður Skorri Steingrímsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. september sl., er höfðað með réttarstefnu sem birt var stefnda 10. mars sl.

Stefnandi er Euro Trade GmbH, Böttcherstr. 5-7, Zeven, Þýskalandi.

Stefndi er Bremen ehf., Vallarási 2 í Reykjavík og er stjórnarmanni félagsins, Sigríði Vöku Jónsdóttur, stefnt fyrir þess hönd.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar við stefnanda að fjárhæð EUR 84.656, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2007 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að staðfest verði með dómi kyrrsetningargerð, sem fram fór 27. febrúar sl. hjá sýslumanninum í Reykjavík til tryggingar kröfu stefnanda, en þá voru kyrrsettar bifreiðarnar RP-090, BMW 545i, og RH-358, BMW 760i A, sem stefndi var skráður eigandi að.

Loks gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda, að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, auk álags á málskostnað samkvæmt c. lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Upphaflega var mál þetta höfðað gegn Guðmundi Baldvinssyni og Bremen ehf. Í þinghaldi 26. júní sl. féll stefnandi frá kröfum á hendur Guðmundi Baldvinssyni.

Með úrskurði dómsins 4. júlí sl. var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað.

Málsatvik

Aðilar deila um málsatvik.

Í stefnu greinir stefnandi frá því að Guðmundur Baldvinsson sé einn forsvarsmanna og prókúruhafi stefnda, Bremen ehf. Hafi hann annast kaup á tveimur bifreiðum af stefnanda, sem sé bílasölufyrirtæki í Bremen í Þýskalandi. Bifreiðarnar voru af gerðinni BMW 760iL og BMW 545i. Vegna viðskiptanna hafi stefnandi gefið út tvo reikninga, annars vegar 16. október 2006 að fjárhæð EUR 39.928, hins vegar 28. nóvember 2006 að fjárhæð EUR 34.828. Þá hafi Guðmundur einnig fest kaup á felgum og hjólbörðum af stefnanda fyrir EUR 9.900, samkvæmt reikningi 13. nóvember 2006. Andvirði reikninganna hafi ekki verið greitt þrátt fyrir innheimtutilraunir stefnanda.

Fram kemur einnig í stefnu að Samskip hf. hafi flutt umræddar bifreiðar til Íslands og að starfsmaður stefnanda, Bend Wulpern að nafni, hafi 15. desember 2006 afhent Guðmundi Baldvinssyni gögn varðandi báðar bifreiðarnar, sem sá síðarnefndi hafi þurft til þess að geta leyst þær úr tolli. Hafi Guðmundur þá lýst því yfir, með áritun á tvær sérstakar kvittanir sem útbúnar hefðu verið fyrir gögnunum, að greiðsla yrði innt af hendi fyrir desemberlok. Tveimur dögum síðar hefði Guðmundur undirritað samkomulag þar sem fullyrt var að Lýsing hf. hefði tekið að sér að fjármagna kaupin og að hjá þeirri fjármálastofnun lægi tryggingarvixill. Þar sem stefnandi hafi engu að síður haft efasemdir um greiðslugetu Guðmundar hafi hann tilkynnt Samskipum hf. að óheimilt væri að afhenda bifreiðarnar og hefði Samskip hf. fallist á það. Engu að síður hefðu bifreiðarnar verið afhentar Guðmundi, sem sama dag hafi fengið þær tollafgreiddar og skráðar á nafn stefnda, Bremen ehf., en það félag starfræki bílasölu með notaða bíla. Lítur stefnandi svo á að allar gerðir Guðmundar Baldvinssonar hafi verið í þágu þess félags, eða félagsins og hans sjálfs í sameiningu, þótt nafn stefndi, Bremen ehf., hafi ekki komið fram gagnvart stefnanda. Bendir stefnandi sérstaklega á að hvergi sé að finna afsal á umræddum bifreiðum frá Guðmundi til Bremen ehf.

Stefnandi tekur fram að við eftirgrennslan hafi komið í ljós að fullyrðingar Guðmundar Baldvinssonar um fjármögnun kaupa á umræddum bifreiðum, með atbeina Lýsingar hf., hafi ekki verið á rökum reistar. Fyrir liggja einnig að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá Guðmundi og sé bú hans nú til gjaldþrotaskipta. Þyki stefnanda ljóst að Guðmundur Baldvinsson hafi fengið yfirráð bifreiðanna með sviksamlegri háttsemi og fyrir mistök Samskipa hf. Aldrei hafi verið ætlunin að greiða kaupverð þeirra.

Að kröfu stefnanda voru ofangreindar bifreiðar hins stefnda félags kyrrsettar af sýslumanninum í Reykjavík 27. febrúar sl. til tryggingar fjárkröfum stefnanda. Við munnlegan málflutning kom fram hjá stefnanda að báðar bifreiðarnar voru seldar á nauðungaruppboði í júnímánuði sl.

Stefndi lýsir atvikum þannig að Guðmundur Baldvinsson hafi á síðustu misserum átt viðskipti við stefnanda og keypt af honum alls 18 bifreiðar á tímabilinu júlí 2005 til desember 2006. Hafi viðskiptin verið með þeim hætti að Guðmundur hafi keypt bifreiðarnar af stefnanda, flutt þær inn í eigin nafni og selt héraðslendis. Framkvæmdin hafi yfirleitt verið þannig að Guðmundur greiddi stefnanda inn á kaupverðið í gegnum bankalínu, en eftirstöðvar voru greiddar við komu þeirra til landsins. Hafi Guðmundur aldrei fengið heimildarskjöl í hendur fyrr en kaupverðið var að fullu greitt.

Í greinargerð stefnda er jafnframt lýst samskiptum Guðmundar Baldvinssonar og starfsmanns stefnanda, Bend Wulpern, er hann dvaldi hér á landi. Fullyrt er að Bend Wulpern hafi mótttekið kaupverð bifreiðanna úr hendi Guðmundar, í evrum og íslenskum krónum. Guðmundur Baldvinsson hafi hins vegar ekki fengið greiðslukvittun frá Bend, aðeins frumrit heimildarskjala og reikninga fyrir bifreiðunum. Heldur stefndi því fram að í viðskiptum með innfluttar bifreiðar sé það venja að kaupendur fái ekki slíka pappíra í hendur nema kaupverð sé að fullu greitt.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að kaupverð þeirra tveggja bifreiða, felga og hjólbarða sem Guðmundur Baldvinsson hafi annast kaup á, hafi ekki fengist greitt. Hafi Guðmundur skuldbundið sig til að greiða kaupverðið fyrir desemberlok 2006 og undirritað kvittun þess efnis, gegn afhendingu heimildarskjala fyrir bifreiðunum úr hendi starfsmanns stefnanda. Þetta loforð hafi hann einnig gefið munnlega í viðurvist tveggja vitna. Þá hafi Guðmundur Baldvinsson gefið stefnanda rangar upplýsingar um fjármögnun kaupanna og tilvist tryggingarvixils. Fyrir mistök flutningsaðila hefðu bifreiðarnar verið afhentar nefndum Guðmundi og þær síðan skráðar beint yfir á nafn stefnda Bremen ehf. Kannist stefnandi ekki við að hafa tekið við greiðslu peninga úr hendi Guðmundar Baldvinssonar, eins og stefndi haldi fram.

Stefnandi kveðst líta svo á að Guðmundur Baldvinsson hafi verið umboðsmaður stefnda í viðskiptum við stefnanda. Hann hafi annast kaupin fyrir stefnda, eða sameiginlega fyrir sig og stefnda. Í raun sé Guðmundur Baldvinsson og stefndi því einn og sami aðili að umræddum viðskiptum. Bendir stefnandi á að samkvæmt skráningarblaði frá Umferðarstofu, sem sé meðal gagna málsins, undirriti Guðmundur Baldvinsson blaðið, bæði sem innflytjandi og eigandi bifreiðanna, þrátt fyrir að hafa skráð bifreiðarnar á nafn Bremen ehf. Þá sé heimilisfang stefnda hið sama og heimilisfang Guðmundar Baldvinssonar og sambýliskona Guðmundar aðalmaður í stjórn stefnda, en Guðmundur varamaður í

félaginu.

Kröfur sínar styður stefnandi við ákvæði laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, einkum 36. gr. þeirra. Vaxtakrafan byggir á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málsástæður stefnda og lagarök

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því reist að stefndi sé ekki réttur aðili að máli þessu og eigi stefnandi enga kröfu á hendur honum. Stefndi, Bremen ehf., sé einkahlutafélag og eigi Guðmundur Baldvinsson engan hlut í því. Hafi stefnandi í málalíbúnaði sínum ekki sýnt fram á önnur tengsl milli stefnda og Guðmundar Baldvinssonar en að hinn síðarnefndi hafi verið starfsmaður stefnda.

Þá byggir stefndi á því að krafa stefnanda hafi verið greidd að fullu 14. desember 2006, er starfsmaður stefnanda, Bend Wulpern, tók við reiðufé í evrum og íslenskum krónum úr hendi Guðmundar Baldvinssonar. Geti stefnandi ekki nú byggt kröfu sína á fölsuðu skjali, sem lýsi sér í því að nafnritun Guðmundar hafi verið ljósrituð á skjal sem ætlað sé að sýna skuld Guðmundar Baldvinssonar við stefnanda. Þá mótmælir stefndi kröfum stefnanda vegna meintra viðskipta stefnanda og Guðmundar með hjólbörðum og felgur. Þær vörur hafi aldrei borist honum.

Sýknukröfu sína vegna aðildarskorts byggir stefndi á 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Að öðru leyti vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfuréttar, en einnig til meginreglna laga um lausafjárkaup. Þá vísar hann til grundvallarreglna einkamálaréttarfars um sönnun og sönnunarfærslu. Krafa stefnda um málskostnað byggir á 129. - 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Fram er komið að stefnandi og Guðmundur Baldvinsson áttu í viðskiptum með notaðar bifreiðar frá Þýskalandi. Í máli þessu liggja fyrir tveir reikningar vegna slíkra viðskipta, dagsettir 16. október 2006 og 28. nóvember sama ár. Fyrri reikningurinn er vegna kaupa á bifreið af gerðinni BMW 760iL, að fjárhæð 39.928 evrur, en hinn síðari vegna kaupa á bifreiðinni BMW 545i Touring, að fjárhæð 34.828 evrur. Einnig er í málinu reikningur að fjárhæð 9.900 evrur, dagsettur 13. nóvember 2006, vegna kaupa á hjólbörðum og felgum. Samanlagt mynda reikningarnir stefnufjárhæðina í máli þessu, 84.656 evrur. Stefnandi heldur því fram að reikningar þessir séu ógreiddir, en stefndi fullyrðir að þeir hafi verið greiddir með reiðufé í evrum og íslenskum krónum starfsmanni stefnanda, Bend Wulpern, 14. desember 2006, gegn afhendingu hans á frumritum heimildarskjala fyrir bifreiðunum. Stefndi viðurkennir þó að síðastgreindi reikningurinn, vegna kaupa á hjólbörðum og felgum að fjárhæð 9.900 evrur, sé ógreiddur, enda hafi vörurnar ekki borist honum. Allir eru reikningarnir gefnir út af stefnanda til Guðmundar Baldvinssonar, Vallarási 2 í Reykjavík.

Þrátt fyrir fullyrðingu stefnda um að kaupverð bifreiðanna hafi verið greitt 14. desember 2006 eru meðal gagna í málinu tvær kvittanir, dagsettar 15. desember 2006 og undirritaðar af Guðmundi Baldvinssyni, þar sem því er lýst yfir að hann hafi mótttekið skjöl vegna bifreiðanna og muni inna greiðslu af hendi fyrir desemberlok 2006. Meðal málsskjala er einnig „samkomulag“ undirritað af Guðmundi Baldvinssyni og Bend Wulpern, f.h. stefnanda, dagsett 17. desember 2006, þar sem Guðmundur greinir frá því að Lýsing hf. hafi tekið að sér fjármögnun kaupa á bifreiðunum og að þar liggi tryggingarvígill sem stefnandi fái í hendur til innheimtu ef ekki verði staðið við samkomulagið. Stefndi heldur því reyndar fram að undirritun Guðmundur Baldvinssonar á skjalinu sé fölsuð.

Samkvæmt yfirlitum úr ökutækjaskrá, sem stefnandi hefur lagt fram, voru báðar umræddar bifreiðar forskráðar hjá Umferðarstofu 14. desember 2006. Innflytjandi og umráðamaður þeirra er þar skráður Guðmundur Baldvinsson en Bremen ehf., stefndi í máli þessu, er skráður eigandi þeirra beggja frá 19. desember sama ár.

Óumdeilt er að títtnefndur Guðmundur Baldvinsson var á þeim tíma er hér um ræðir annar prókúruhafa í Bremen ehf. og um leið varamaður í stjórn félagsins. Það breytir þó engu um þá staðreynd að þau viðskipti sem hér er fjallað um voru á milli stefnanda og Guðmundar Baldvinssonar. Bera gögn málsins ekki annað með sér en að Guðmundur Baldvinsson hafi persónulega komið þar fram gagnvart stefnanda. Að sama skapi verður ekki séð að stefndi, Bremen ehf., hafi átt neina aðild að viðskiptum við stefnanda málsins. Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilegur 220.000 krónur.

Dóminn kvað upp Ingimundur Einarsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Bremen ehf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Euro Trade GmbH.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað að fjárhæð 220.000 krónur.

Ingimundur Einarsson